

Skýrsla
um framkvæmd fjárlaga
á fyrsta ársþriðjungi
1991

júní 1991

E F N I S Y F I R L I T

Inngangur	2
Helstu niðurstöður.....	3
Helstu markmið fjárlaga fyrir árið 1991	6
Afkoma A-hluta ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði ársins 1991	8
Lána- og viðskiptareikningur janúar - apríl 1991	22
Um mat Ríkisendurskoðunar á afkomuhorfum A-hluta ríkissjóðs í árslok 1991.....	24

Inngangur.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun ber stofnuninni að fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Skýrsla sú sem hér birtist fjallar um framkvæmd fjárlaga tímabilið janúar til aprílloka 1991.

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir afkomu A-hluta ríkissjóðs fyrsta ársþriðjung ársins 1991 í samanburði við greiðsluáætlun fjárlaga fyrrnefnt tímabil. Ennfremur er gerður samanburður á afkomu ríkissjóðs til loka aprílmánaðar í ár miðað við sama tímabil ársins 1990. Að lokum er lítillega fjallað um mat Ríkisendurskoðunar á stöðu A-hluta ríkissjóðs í árslok 1991, sbr. greinargerð Ríkisendurskoðunar sem kom út í apríl um afkomu A-hluta ríkissjóðs janúar til mars 1991 og skýrsla fjármálaráðuneytisins um ríkisfjármál 1991, sem lögð var fram á Alþingi 22. maí s.l.

Helstu niðurstöður.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum athugunar Ríkisendurskoðunar á afkomu A-hluta ríkissjóðs á fyrsta ársþriðjungi 1991.

- Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs frá 1. janúar til aprílloka 1991 við greiðsluáætlun fjármálaráðuneytisins fyrir sama tímabil sýnir að:
 - ◆ Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs nam í lok aprílmánaðar 1991 5,5 milljörðum króna, sem er um 700 milljónum króna minni rekstrarhalli en áætlanir gerðu ráð fyrir. Heildartekjur námu 29,8 milljörðum króna, sem er 1,1 milljarði króna hærri en áætlað var. Heildargjöld námu aftur á móti 35,4 milljörðum króna og eru þau tæplega 400 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
 - ◆ Umframgreiðslur stofnana, er fóru fram úr greiðsluáætlun fjárlaga námu 2,4 milljörðum króna á fyrsta ársþriðjungi eða sem svarar til 6,8% af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs á tímabilinu. Óhafin framlög, þ.e.a.s. fjárveitingar sem stofnanir hafa ekki nýtt á fyrsta ársþriðjungi ársins 1991, þó svo að þeim hafi verið það heimilt, námu 2,0 milljörðum króna eða 1,9% af heildarútgjöldum fjárlaga fyrir árið 1991. Nýting fjárheimilda í ár nemur um þriðjungi af heildarheimildum ársins og er það svipað og á árinu 1990.
 - ◆ Útgreiðslur umfram innborganir á lána- og viðskiptareikningum ríkissjóðs námu 3,7 milljörðum króna á tímabilinu og eru þær tæplega 900 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Helstu frávik eru að innlausn ríkisvixla umfram sölu þeirra er tæplega 1,7 milljörðum króna hærri en áætlað var. Lántökur urðu 375 milljónum króna hærri en gert var ráð fyrir og afborganir innlendra lána urðu rúmlega 400 milljónum króna lægri en áformað var.
- Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs á fyrsta ársþriðjungi 1991 var neikvæð um 9,2 milljarða króna og eru 5,5 milljarðar króna vegna rekstrarhalla og 3,7 milljarðar vegna útgreiðslna umfram innborganir á lána- og viðskiptareikningum. Ríkissjóður mætti fjárþörf að stærstum hluta með yfirdrætti hjá Seðlabanka Íslands. Heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs við bankann námu í lok apríl 1991 10,3 milljörðum króna og höfðu aukist frá ársbyrjun um 8,9 milljarða króna.

- Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 við sama tímabil á árinu 1990 leiðir í ljós eftirfarandi:
 - ◆ Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs á föstu verðlagi hefur aukist að raungildi um 2,5 milljarða króna. Raunaukning gjalda er metin á 3,4 milljarða króna en tekjur hafa aftur á móti hækkað um tæpar 900 milljónir króna.
 - ◆ Raunaukningu gjalda á fyrsta ársþriðjungi í ár má einkum rekja til framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna að fjárhæð 1,0 milljarður króna, fasteignakaupa ríkissjóðs að fjárhæð tæpar 800 milljónir króna og launa- og rekstrarkostnaður að fjárhæð 750 milljónir króna. Önnur útgjöld hafa hækkað um tæpar 800 milljónir króna. Raunaukningu tekna má rekja til hækkunar óbeinna skatta að fjárhæð 1,0 milljarður króna og ýmissa tekna um 300 milljónir króna. Hins vegar lækkuðu beinir skattar á sama tímabili um 100 milljónir króna að raungildi og fjármagnstekjur lækkuðu um rúmlega 350 milljónir króna.
 - ◆ Útgreiðslur umfram inngreiðslur á lánareikningum voru um 3,6 milljörðum króna hærrí á fyrsta ársþriðjungi í ár en þær voru á sama tímabili í fyrra, á verðlagi hvors árs. Lántökur eru 2,9 milljörðum króna lægri í ár en á sama tímabili í fyrra en afborganir lána urðu aftur á móti 2,7 milljörðum króna hærrí. Þessi frávik skýrast fyrst og fremst af því að á fyrsta ársþriðjungi ársins 1990 nam sala ríkisvixla umfram innlausn þeirra 3,8 milljörðum króna en á sama tímabili í ár nam innlausn ríkisvixla umfram sölu þeirra 2,6 milljörðum króna. Útgreiðslur af öðrum lánareikningum voru 1,9 milljörðum króna lægri í ár en á sama tímabili í fyrra.
- Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs á fyrsta ársþriðjungi 1991 er 6,3 milljörðum króna lakari en hún var á sama tíma í fyrra. Rekstrarhallinn á þessu tímabili er 2,7 milljörðum króna hærrí á sama tímabili og greiðslur af lánareikningum 3,6 milljörðum króna hærrí.
- Þau markmið í ríkisfjármálum, sem að var stefnt í fjárlögum fyrir árið 1991, virðast ekki ætla að nást og er þá tekið tillit til þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin kynnti í maí. Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs stefnir í að verða sem svarar 2,0 til 2,5% af vergri landsframleiðslu (VLF) í stað 1,1% eins og áformað var í fjárlögum. Hrein lánsfjárförf ríkissjóðs er nú áætluð 2,5 til 3,0% af VLF. Í fjárlögum ársins er hún áætluð 1,6%. Ekki eru horfur á að lánsfjárförfinni verði svarað að fullu innanlands.

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs sem hlutfall af VLF er nú áætluð á bilinu 30% til 31% í stað 29,1% eins og ráðgert var við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1991. Þó ýmislegt bendi til þess að tekjur ríkissjóðs verði ívið lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir er skýringa á verri afkomu ríkissjóðs á þessu ári en fjárlög gerðu ráð fyrir fyrst og fremst að leita á útgjaldahlið þeirra.

Helstu markmið fjárlaga fyrir árið 1991.

Í þeim hluta greinargerðar með fjárlagfrumvarpi fyrir árið 1991, sem fjallar um markmið fjárlaga ársins 1991 og því sem stefnt er að í ríkisfjármálum á árinu segir m.a.:

- ◆ Að halli ríkissjóðs haldi áfram að lækka og verði um 1% af landsframleiðslu samanborið við 1,5% á árinu 1990.
- ◆ Að lánsfjárpörf ríkissjóðs haldi áfram að lækka og verði 1,3% af landsframleiðslu samanborið við 1,9% á árinu 1990.
- ◆ Að lánsfjárpörf ríkissjóðs verði að fullu fjármögnuð innanlands.

Þá segir að stefnt sé að því að tekjur ríkissjóðs verði svipaðar að raungildi og á árinu 1990, en að þær lækki lítillega í hlutfalli við landsframleiðslu þ.e. úr 27,6% í 27,4%. Ennfremur var greint frá því að til þess að lækka halla ríkissjóðs yrði nauðsynlegt að skera útgjöld niður um 1,1% að raungildi þannig að þau nemi 28,4% af landsframleiðslu samanborið við 29,1% á árinu 1990.

Í meðförum Alþingis voru útgjöld A-hluta ríkissjóðs hækkuð um tæpa 2,6 milljarða króna eða um 2,5% frá því sem frumvarpið gerði upphaflega ráð fyrir. Hækkunin skiptist þannig á útgjaldaflökka:

	m.kr.
Rekstur, sértekjur	1.299,1
Viðhald	17,3
Stofnkostnaður	<u>1.238,0</u>
Alls	<u>2.554,4</u>

Þannig gera fjárlög ársins 1991 ráð fyrir að rekstrarhalli ríkissjóðs nemi 1,1% af VLF, heildargjöld A-hluta ríkissjóðs verði 29,1% af VLF og að hrein lánsfjárpörf nemi 1,6% af VLF.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1991 var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs yrðu 99.563 milljónir króna. Í meðförum þingsins hækkuðu tekjur um 2.135 milljónir króna, sem skiptast svo á tekjuliði.

Í milljónum króna

1.	Tekjuskattar einstaklinga	650
2.	Tekjuskattar félaga	300
3.	Virðisaukaskattur	1.050
4.	Bifreiðatollur o.fl.	285
5.	Tryggingagjald	-750
6.	Jöfnunargjald	100
7.	Sérstök tekjuöflun 1991	<u>500</u>
		<u>2.135</u>

Ástæður framangreindrar hækkunar má fyrst og fremst rekja til breyttra forsendna, m.a. vegna gleggri upplýsinga um afkomu ríkissjóðs á árinu 1990, en handbærar voru við gerð fjárlagafrumvarpsins.

Forsendur fjárlaga gerðu m.a. ráð fyrir sérstakri 500 milljóna króna tekjuöflun á árinu 1991. Annars vegar með sérstökum jöfnunartolli á innfluttar matvörur og hins vegar með hækkun á verði áfengis og tóbaks umfram almennt verðlag. Í skýrslu fjármálaráðuneytisins um ríkisfjármál árið 1991 er talið ólíklegt að þessi tekjuöflun náist á árinu þó svo að gripið verði til aðgerða á næstunni.

Í 6. grein fjárlaga er fjármálaráðherra veittar ýmsar heimildir, m.a. til ráðstöfunar eigna, fasteignakaupa og lántöku í því sambandi, eftirgjafar á ríkissjóðstekjum og ýmiss konar uppgjöra sem áhrif hafa á tekna- og eða gjaldahlið fjárlaga og ríkisreiknings séu þær nýttar. Í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1991 eru framangreindar heimildir 154 að tölu. Loks má nefna að í lánsfjárlögum fyrir árið 1991 eru fjármálaráðherra veittar 13 heimildir til að auka útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991. Verði allar framangreindar útgjaldaheimildir í 6. gr. fjárlaga og í lánsfjárlögum nýttar að fullu á árinu má gera ráð fyrir að útgjöld A-hluta ríkissjóðs verði nokkrum milljörðum króna hærri en fram kemur í fjárlögum fyrir árið 1991.

Afkoma A-hluta ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði ársins 1991.

Greiðsluafkoma:

Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 var neikvæð um 9,2 milljarða króna sem er 168 milljónum króna meira en áætlanir ársins gerðu ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða A-hluta ríkissjóðs var sú að gjöld umfram tekjur námu 5,5 milljörðum króna sem er 713 milljónum króna minni rekstrarhalli en áætlað var. Tekjur urðu 1,1 milljarði króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir en samtals námu þær 29,8 milljörðum króna. Gjöldin á sama tímabili urðu aftur á móti 35,4 milljarðar króna eða 380 milljónum króna hærri en áætlað var. Lántökur á sama tímabili námu í heild sinni 3,7 milljörðum króna sem er 375 milljónum króna hærri fjárhæð en áætlanir gerðu ráð fyrir. Aðrar hreyfingar á lánareikningum sýna að útgreiðslur umfram inngreiðslur námu 7,4 milljörðum króna sem er 1,3 milljörðum króna meira en áætlanir gerðu ráð fyrir á tímabili því sem hér um ræðir.

Ríkissjóður fjármagnaði greiðsluhalla fyrstu fjóra mánuði þessa árs með yfirdrætti hjá Seðlabanka Íslands. Heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs hjá bankanum í lok aprílmánaðar 1991 námu 10,3 milljörðum króna og hafa þær hækkað frá ársbyrjun um 8,9 milljarða króna.

Fjárh. í m.kr.	Reikn.'91	Áætlun	Frávik	Reikn.'90	Frávik
Tekjur	29.829	28.736	1.093	27.446	2.383
Gjöld	<u>35.353</u>	<u>34.973</u>	<u>380</u>	<u>30.271</u>	<u>5.082</u>
Gjöld umfram tekjur	5.524	6.237	(713)	2.825	2.699
Lánahreyfingar					
Lánahr. útgr. nettó	<u>7.390</u>	<u>6.134</u>	<u>1.256</u>	<u>6.687</u>	<u>703</u>
Fjárpörf	12.914	12.371	543	9.512	3.402
Lántökur	<u>3.675</u>	<u>3.300</u>	<u>375</u>	<u>6.602</u>	<u>(2.927)</u>
Greiðslujöfn., neikv.	<u>9.239</u>	<u>9.071</u>	<u>168</u>	<u>2.910</u>	<u>6.329</u>

Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs á fyrsta ársþriðjungi 1991 er 6,3 milljörðum króna lakari en hún var á sama tíma í fyrra. Þá er rekstrarhallinn á þessu tímabili 2,7 milljörðum króna hærri en hann var á sama tímabili í fyrra. Lántökur eru á hinn bóginn 2,9 milljörðum króna lægri á fyrsta ársþriðjungi í ár en þær voru á sama tímabili í fyrra. Útstreymi umfram

innstreymi af öðrum lánareikningum var á þessu tímabili 700 milljónum króna meira en á sama tímabili í fyrra.

Heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands í lok aprílmánaðar 1990 námu 7,5 milljörðum króna og höfðu þær hækkað frá ársbyrjun 1990 um 2,8 milljarða króna.

Lakari greiðsluafkomu á fyrsta ársþriðjungi í ár m.v. sama tímabil á síðasta ári stafar nokkurn veginn að jöfnu af aukinni fjárþörf vegna hærri rekstrarhalla og minni sölu ríkisvixla.

Gjöld á fyrsta ársþriðjungi 1990 í samanburði við greiðsluheimildir fjárlaga 1991 fyrir sama tímabil.

Útgjöld stofnana í A-hluta fjárlaga fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 námu 35,4 milljörðum króna og hafa því farið um 0,4 milljarða króna fram úr greiðsluáætlun fyrir sama tímabil. Fjárheimild ársins 1991 nemur alls 106,0 milljörðum króna og hefur því um þriðjungur heimildarinnar verið nýttur á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1991. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda fyrstu fjóra mánuði ársins 1990 var svipuð og á árinu 1991 eða um 31,6%.

ÚTGJÖLD A-HLUTA RÍKISSJÓÐS JANÚAR - APRÍL 1991.

Ráðuneyti Fjárhæðir í þús. kr.	Greitt 1991	Áætlun 1991	Mismunur þkr.	Mismunur %	Umfram- greiðslur	Óhafin framlög
00 Eðsta stjórn ríkisins	338.820	306.926	31.894	10,4%	38.856	6.962
01 Forsætisráðuneyti	98.142	109.648	-11.506	-10,5%	3.339	14.845
02 Menntamálaráðuneyti	6.231.259	6.071.206	160.053	2,6%	418.793	258.740
03 Utanríkisráðuneyti	460.233	440.596	19.637	4,5%	48.353	28.716
04 Landbúnaðarráðuneyti	1.652.406	1.853.689	-201.283	-10,9%	27.724	229.007
05 Sjávarútvegsráðuneyti	310.720	352.347	-41.627	-11,8%	1.924	43.551
06 Dóms- og kirkjum.ráðuneyti	1.331.818	1.336.532	-4.714	-0,4%	70.317	75.031
07 Félagsmálaráðuneyti	1.378.197	1.395.465	-17.268	-1,2%	78.631	95.899
08 Heilbr.- og trygg.m.ráðun.	13.605.109	13.497.014	108.095	0,8%	235.641	127.546
09 Fjármálaráðuneyti	5.423.745	5.121.265	302.480	5,9%	1.171.237	868.757
10 Samgönguráðuneyti	1.980.768	2.169.988	-189.220	-8,7%	10.159	199.379
11 Iðnaðarráðuneyti	508.192	300.608	207.584	69,1%	257.286	49.702
12 Viðskiptaráðuneyti	1.860.894	1.870.317	-9.423	-0,5%	3.916	13.339
13 Hagstofa Íslands	33.933	34.394	-461	-1,3%	1.337	1.798
14 Umhverfisaráðuneyti	139.262	113.061	26.201	23,2%	29.750	3.549
	35.353.498	34.973.056	380.442	1,1%	2.397.263	2.016.821

Umframgreiðslur eru greiðslur til þeirra stofnana er fóru fram úr greiðsluáætlun fjárlaga. Óhafin framlög eru fjárveitingar sem stofnanir hafa ekki nýtt á fyrsta ársþriðjungi þó svo að þeim hafi verið það heimilt.

Umframgreiðslur stofnana í A-hluta fjárlaga námu samtals 2,4 milljörðum króna á fyrsta ársþriðjungi 1991. Á móti umframgreiðslum voru óhafin framlög stofnana að fjárhæð 2,0 milljarðar króna þannig að greiðslur umfram heimildir námu 0,4 milljörðum króna. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs voru hins vegar 0,4 milljörðum króna lægri en útgjaldaheimildir á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1990. Umframgreiðslur stofnana í A-hluta fjárlaga námu 1,6 milljörðum króna á árinu 1990 en á móti komu óhafin framlög að fjárhæð 2,0 milljarðar króna.

Greiðslur stofnana í A-hluta fjárlaga umfram áætlanir

Umframgreiðslur stofnana í A-hluta fjárlaga námu 2,4 milljörðum króna á fyrsta ársþriðjungi 1991. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu frávikum frá greiðsluáætlun fjárlaga.

Umframgreiðslur til þeirra stofnana sem heyra undir æðstu stjórn ríkisins námu 38,9 milljónum króna. Kostnaður við endurbætur húseigna að

Bessastöðum nam 50,3 milljónum króna og fór 29,1 milljón króna fram úr áætlunum. Fjárheimild ársins nemur 100,0 milljónum króna og því hefur um helmingur heimildarinnar verið nýttur á fyrsta ársþriðjungi 1991.

Greiðslur umfram áætlanir hjá menntamálaráðuneyti námu 418,8 milljónum króna. Greiðslur til framhaldsskóla og sérskóla urðu 108,2 milljónum króna hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir og umframgreiðslur til grunnskóla námu 26,7 milljónum króna. Framlag til Þjóðleikhússins fór 40,6 milljónum króna fram úr áætlunum og hefur 57,6% fjárheimildar ársins verið nýtt á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1991.

Umframgreiðslur til utanríkisráðuneytis námu 48,4 milljónum króna og skýrast fyrst og fremst af framlagi til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi, sem nam 59,0 milljónum króna og fór 33,2 milljónir króna fram úr því, er ráð var fyrir gert. Fjárheimild til þessa viðfangsefnis nemur 59,5 milljónum króna og hefur heimild ársins verið nær fullnýtt á fyrsta ársþriðjungi þess. Stjórnvöld hafa auk þess gefið fyrirheit um að leitað verði heimilda í fjárukalögum fyrir fjárveitingu að fjárhæð 70,0 milljónir króna til aðstoðar við flóttafólk í Írak.

Umframgreiðslur til félagsmálaráðuneytis námu 78,6 milljónum króna og skýrast einkum af sérstakri greiðslu til Byggingarsjóðs ríkisins að fjárhæð 40,5 milljónir króna. Hér er um að ræða framlag vegna greiðslu launa stofnunarinnar og telur Ríkisendurskoðun að færa hefði framlagið á viðskiptareikning Byggingarsjóðs ríkisins þar sem ekki var gert ráð fyrir framlagi til sjóðsins á fjárlögum ársins 1991.

Greiðslur umfram áætlanir til stofnana heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis námu 235,6 milljónum króna á fyrsta ársþriðjungi 1991. Umframgreiðslur runnu aðallega til viðfangsefna hjá Tryggingastofnun ríkisins en þær urðu 98,2 milljónum króna hærrí en áætlað var. Áætluð fjárvöntun vegna viðfangsefna Tryggingastofnunar er metin á 1,5 milljarða króna og skiptist þannig að fjárvöntun sjúkratrygginga er talin nema 1,0 milljarði króna, þar af eru 600 milljónir króna vegna lyfjakostnaðar, fjárvöntun lífeyristrygginga er metin á 400 milljónir króna og slysatrygginga 100 milljónir króna. Þá var framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs 36,0 milljónum króna hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir og hafa því tæp 42% fjárheimildar ársins verið notuð. Greiðsluvandi Atvinnuleysistryggingasjóðs er áætlaður 513 milljónir króna á árinu 1991. Framlag ríkisins er 313 milljónum króna lægra en útgjaldþörf sjóðsins er á árinu auk þess sem óuppgerð viðskiptaskuld sjóðsins við ríkissjóð frá árinu 1990 nemur 200 milljónum króna.

Umframgreiðslur til fjármálaráðuneytisins á fyrsta þriðjungi ársins námu 1.171,2 milljónum króna og má aðallega rekja þær til fasteignakaupa

ríkissjóðs. Fasteignakaup ríkisins námu á fyrstu fjórum mánuðum ársins 861,4 milljónum króna og fóru 820,8 milljónir króna fram úr því sem ráð var fyrir gert. Í fjárlögum er framlag til ýmissa fasteigna ríkissjóðs áætlað 191 milljón króna en auk þess eru útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 6. gr. fjárlaganna áætluð 300 milljónir króna. Kaup ríkisins á fasteignum samkvæmt 6. grein fjárlaga 1991 fara því a.m.k. um 517 milljónir króna fram úr heimildum og er þá miðað við að þær verði að fullu nýttar til fasteignakaupa. Kostnaður við ýmsar fasteignir ríkissjóðs fór tæpar 5,0 milljónir króna fram úr áætlunum á fyrsta ársþriðjungi 1991. Þá fóru greiðslur til uppbóta á lífeyri 118,2 milljónir króna fram úr áætlunum og ýmis verkefni á vegum fjármálaráðuneytisins um 95,4 milljónir króna.

Umframgreiðslur til iðnaðarráðuneytis fyrstu fjóra mánuði ársins námu 257,3 milljónum króna og má einkum rekja þær til ýmissa verkefna á sviði orkumála en þær fóru 127,7 milljónir króna fram úr áætlunum. Framlag var veitt vegna yfirtöku lána Hita- og Rafveitu Siglufjarðar að fjárhæð 97,7 milljónir króna, sem ekki var áætlað fyrir í fjárlögum. Þá reyndist fjárþörf löntæknistofnunar um 20,5 milljónir króna meiri en áætlað var.

Greiðslur umfram áætlanir hjá stofnunum umhverfisráðuneytis námu 29,8 milljónum króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1991. Allar stofnanir, sem undir ráðuneytið heyra, aðrar en embætti Veiðistjóra, hafa fengið greitt meira en áætlað var fyrir á fyrsta ársþriðjungi 1991. Á móti hefur framlag til ýmissa verkefna að fjárhæð 3,4 milljónir króna enn ekki verið innt af hendi.

Óhafin framlög til stofnana í A-hluta fjárlaga

Óhafin framlög til stofnana í A-hluta fjárlaga námu 2,0 milljörðum króna á fyrsta ársþriðjungi 1991. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu frávikum í þessu efni frá greiðsluáætlun fjárlaga.

Óhafin framlög til stofnana forsætisráðuneytis námu 14,8 milljónum króna á fyrsta ársþriðjungi 1991. Þar er fyrst og fremst um að ræða embætti Húsameistara ríkisins en tekjur þess umfram gjöld námu 11,4 milljónum króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1991 en áætlað var að gjöld umfram tekjur næmu 0,1 milljón króna.

Óhafin framlög til stofnana menntamálaráðuneytis námu 258,7 milljónum króna á fyrsta ársþriðjungi 1991. Greiðsluheimild vegna uppgjors við sveitarfélög að fjárhæð 40,6 milljónir króna hefur enn ekki verið nýtt. Sama er að segja um framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna að fjárhæð 27,8 milljónir króna.

Heimildir til greiðslu framlaga til stofnana landbúnaðarráðuneytis að fjárhæð 229,0 milljónir króna hafa ekki verið nýttar á fyrsta ársþriðjungi 1991. Þetta skýrist einkum af því að enn hefur heimild til greiðslu uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir að fjárhæð 201,3 milljónir króna ekki verið notuð. Greiðslur til fjárlagaliðarins „Útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir“ námu 1,1 milljarði króna á fyrsta ársþriðjungi ársins 1991 en greiðsluheimild svarar til 1,3 milljarða króna á sama tímabili. Í fjárlögum fyrir árið 1991 er gert ráð fyrir framlagi til þessa fjárlagaliðar að fjárhæð 2,1 milljarður króna og hefur því um helmingur heimildarinnar verið nýttur. Framlagið skiptist þannig að til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir eru áætlaðar 1,4 milljarðar króna og til Framleiðnisjóðs 676,4 milljónir króna. Áætlað er að heildarfjárbörf vegna greiðslu útflutningsbóta nemi 1,8 milljörðum króna og því nemur fjárvöntunin 400 milljónum króna.

Óhafin framlög til stofnana sjávarútvegsráðuneytis námu 43,6 milljónum króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Flestar stofnanir ráðuneytisins, aðrar en aðalskrifstofa þess, hafa ekki nýtt fjárheimildir sínar til fulls en mest voru frávikin á framlögum til sjávarútvegs mála, ýmis starfsemi eða 15,1 milljón króna og til Veiðieftirlits að fjárhæð 11,8 milljónir króna.

Óhafin framlög til stofnana félagsmálaráðuneytis námu 95,9 milljónum króna og skýrast einkum af því að heimildir til greiðslu á framlagi til ríkisábyrgðar á launum, Framkvæmdasjóðs fatlaðra, vinnumála og ýmissar starfsemi á vegum ráðuneytisins að fjárhæð 85,2 milljónir króna hafa ekki verið notaðar á fyrsta ársþriðjungi 1991.

Heimild til greiðslu framlaga til stofnana heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis að fjárhæð 127,5 milljónir króna hafa ekki verið nýttar á fyrsta ársþriðjungi 1991. Meðal annars voru heimildir til greiðslu framlags til Ríkisspítala og Borgarspítala að fjárhæð 64,5 milljónir króna ekki notaðar á tímabilinu. Áætlað er að fjárvöntun Ríkisspítala á árinu 1991 nemi alls um 170 milljónum króna og er þá gert ráð fyrir að 70 milljónir króna komi í hlut Ríkisspítala af sameiginlegu ráðstöfunarfé sjúkrahúsa í Reykjavík. Þar af eru 129 milljónir króna vegna ársins 1990 og hafa stjórnvöld þegar gefið fyrirheit um heimild fyrir þeirri fjárhæð í væntanlegum fjárukalögum ársins.

Óhafin framlög til stofnana fjármálaráðuneytisins námu 868,8 milljónum króna og skýrast aðallega af því að fjárheimild til vaxtagreiðsna ríkissjóðs að fjárhæð 638,2 milljónir króna, til launa- og verðlagsmála að fjárhæð 70,9 milljónir króna, og til útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum að fjárhæð 62,5 milljónir króna, hafa ekki enn verið notaðar.

Óhafin framlög hjá stofnunum samgönguráðuneytis námu 199,4 milljónum króna og skýrast fyrst og fremst af því að heimild til greiðslu framlaga til Vegagerðar ríkisins að fjárhæð 165,3 milljónir króna ekki verið notuð.

Útgjaldaheimildir stofnana iðnaðarráðuneytis að fjárhæð 49,7 milljónir króna voru ekki notaðar á fyrsta ársþriðjungi 1991. Þar er annars vegar um að ræða óhafin framlög til Orkusjóðs að fjárhæð 34,4 milljónir króna og hins vegar til iðju og iðnaðar að fjárhæð 13,7 milljónir króna.

Gjöld ríkissjóðs á fyrsta ársþriðjungi 1991 í samanburði við gjöld á sama tímabili 1990.

Gjöld A-hluta ríkissjóðs námu 35,4 milljörðum króna og eru 5,1 milljarði króna hærri en þau voru á fyrsta ársþriðjungi 1990. Hækkun þessi nemur 16,8%. Að raungildi svarar hækkunin til 3,4 milljarða króna eða sem nemur 10,7%.

	Útkoma 1990	Framreikn. 1990	Útkoma 1991	Frávik m.kr.	Frávik %	Raunfrávik m.kr.	Raunfrávik %
Laun og rekstur	10.756	11.368	12.123	1.367	12,7	755	6,6
Rekstrartilfærslur	5.538	5.872	7.349	1.811	32,7	1.477	25,1
Almannatryggingar	7.836	8.282	8.402	566	7,2	120	1,4
Vaxtagjöld	3.161	3.257	3.182	21	0,7	-75	-2,3
Viðhald, stofnk.	<u>2.979</u>	<u>3.171</u>	<u>4.297</u>	<u>1.318</u>	<u>44,2</u>	<u>1.126</u>	<u>35,5</u>
Samtals gjöld	<u>30.270</u>	<u>31.950</u>	<u>35.353</u>	<u>5.083</u>	<u>16,8</u>	<u>3.403</u>	<u>10,7</u>

Þriðjung raunaukningar útgjalda A-hluta ríkissjóðs eða 1,0 milljarð króna má rekja til þess að meginhluti framlags til Lánasjóðs Íslenskra námsmanna á árinu 1991 var greitt á fyrsta ársþriðjungi vegna síðbúinna afgreiðslu lánsfjárlaga. Að því framlagi frátöldu nam útgjaldaaukning A-hluta ríkissjóðs 7,6%. Hækkun gjaldaliða umfram almennar verðlagshækkunar nam 2,4 milljörðum króna og má einkum rekja hana til eftirfarandi útgjaldaflokka:

- Fasteignakaupa ríkissjóðs, tæpar 790 milljónir króna.
- Launa- og rekstrarkostnaðar, um 755 milljónir króna.
- Rekstrartilfærslna, annarra en þeirra er fara í gegnum almannatryggingakerfið, 444 milljónir króna.
- Viðhalds- og stofnkostnaðar, um 338 milljónir króna.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1991 var stefnt að því að draga saman útgjöld A-hluta ríkissjóðs um 1,1% að raunvirði miðað við árið 1990 eða um rúma 2,0 milljarða króna. Í meðförum Alþingis voru útgjöld hækkuð um 2,6 milljarða króna. Í fjárlögum fyrir árið er því áformað að ríkisútgjöld verði nær óbreytt að raunvirði á milli ára. Ljóst er að það markmið fjárlaga næst ekki á árinu sé miðað við útkomuna á fyrstu fjórum

mánuðum ársins. Gera má ráð fyrir að raunaukning útgjalda A-hluta ríkissjóðs, miðað við þær áætlanir, sem nú liggja fyrir, verði umtalsverð á árinu 1991.

**Gjöld A-hluta ríkissjóðs á greiðslugrunni
Fyrsti ársþriðjungur árána 1990 og 1991.**

Ráðuneyti Í þúsundum króna	Greitt 1991	Greitt 1990	Mismunur -91-'90	Mismunur %
00 Æðsta stjórn ríkisins	338.820	316.744	22.076	7,0
01 Forsætisráðuneyti	98.142	192.190	-94.048	-48,9
02 Menntamálaráðuneyti	6.231.259	4.466.012	1.765.247	39,5
03 Utanríkisráðuneyti	460.233	348.798	111.435	31,9
04 Landbúnaðarráðuneyti	1.652.406	1.559.866	92.540	5,9
05 Sjávarútvegsráðuneyti	310.720	303.114	7.606	2,5
06 Dóms- og kirkjum.ráðuneyti	1.331.818	1.221.487	110.331	9,0
07 Félagsmálaráðuneyti	1.378.197	1.090.448	287.749	26,4
08 Heilbr.- og trygg.m.ráðun.	13.605.109	12.335.958	1.269.151	10,3
09 Fjármálaráðuneyti	5.423.745	4.428.912	994.833	22,5
10 Samgönguráðuneyti	1.980.768	1.920.893	59.875	3,1
11 Iðnaðarráðuneyti	508.192	259.303	248.889	96,0
12 Viðskiptaráðuneyti	1.860.894	1.806.565	54.329	3,0
13 Hagstofa Íslands	33.933	16.899	17.034	100,8
14 Umhverfissráðuneyti	139.262	3.164	136.098	-
	<u>35.353.498</u>	<u>30.270.353</u>	<u>5.083.145</u>	<u>16,8</u>

Skýringar á helstu breytingum á útgjöldum einstakra ráðuneyta á tímabilinu eru einkum þessar:

Gjöld þeirra stofnana, er undir æðstu stjórn ríkisins heyra, hækkuðu um 22,1 milljón króna eða 7,0%. Frávikið skýrist af kostnaði við endurbætur húseigna að Bessastöðum sem nam 50,3 milljónum króna fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 en 30,9 milljónum króna á sama tímabili ársins 1990.

Lækkun gjalda forsætisráðuneytis nam 94,0 milljónum króna eða sem svarar til 48,9%. Framlag til Atvinnuþryggingasjóðs útflutningsgreina nam 100,0 milljónum króna á fyrsta ársþriðjungi 1990. Sjóðurinn var lagður niður í árslok 1990 og því ekki um framlag til hans að ræða í ár.

Gjöld menntamálaráðuneytis hækkuðu um 1.765,2 milljónir króna eða sem svarar til 39,5%. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna nam 1.702,2 milljónum króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1991 en 630,7 milljónum króna á sama tímabili ársins 1990. Hækkun milli ára nemur því um 1.071,5 milljónum króna og skýrist eins og áður er komið fram af því að nær allt framlagið var greitt á fyrsta ársþriðjungi 1991 en tæp 30% voru greidd á sama tímabili árið 1990. Framlag til Þjóðleikhúss hækkaði um 146,6 milljónir króna en eins og kunnugt er var starfsemin í lágmarki á árinu 1990. Kostnaður við rekstur framhalds- og sérskóla hækkaði um 149,8 milljónir króna og til grunnskóla og skóla fyrir þroskahefta um 132,6 milljónir króna.

Gjöld utanríkisráðuneytis hækkuðu um 111,4 milljónir króna eða sem nemur 31,9%. Gjöld aðalskrifstofu hækkuðu um 29,7 milljónir króna, framlag til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi um 25,5 milljónir króna og til alþjóðastofnana um 11,3 milljónir króna.

Gjöld landbúnaðarráðuneytis hækkuðu um 92,5 milljónir króna eða 5,9%. Hækkun gjalda skýrist einkum af 95,5 milljóna króna hærra framlagi til sauðfjárveikivarna og 26,5 milljón króna hærra framlagi til endurgreiðslu gjalda í landbúnaði. Á móti lækkuðu framlög til jarðræktar og búfjárræktar um 57,5 milljónir króna

Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis hækkuðu um 110,3 milljónir króna eða um 9,0%. Hækkunin skýrist af auknum rekstrarkostnaði hjá stofnunum dómsmálaráðuneytis um 97,9 milljónir króna.

Gjöld félagsmálaráðuneytis hækkuðu í raun um 317,1 milljónir króna eða sem svarar til 29,2% og hefur þá verið tekið tillit til þess að embætti Skipulagsstjóra var flutt undir umhverfisráðuneytið á árinu 1991. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna hækkaði um 134,8 milljónir króna, framlag til Byggingarsjóðs ríkisins hækkaði um 11,4 milljónir króna og til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 33,5 milljónir króna. Framlög til málefna fatlaðra og meðferðastofnana hækkuðu um 94,3 milljónir króna.

Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hækkuðu um 1.269,2 milljónir króna eða um 10,3%. Framlög til viðfangsefna Tryggingastofnunar ríkisins hækkuðu um 494,1 milljón króna. Framlög til reksturs sjúkrahúsanna þriggja í Reykjavík hækkuðu um 386,8 milljónir króna og rekstur heilsugæslustöðva um 131,5 milljónir króna.

Gjöld fjármálaráðuneytis hækkuðu um 994,8 milljónir króna eða um 22,5%. Á árinu 1991 átti sér stað sú skipulagsbreyting að fjárlaga- og hagsýslustofnun var færð undir fjármálaráðuneytið og er tekið tillit til þessa

við samanburð þennan. Hækkun gjalda fjármálaráðuneytis skýrist fyrst og fremst af kaupum ríkissjóðs á fasteignum en þau námu 861,4 milljónum króna á fyrsta ársþriðjungi 1991 og hækkuðu um 794,1 milljón króna sé miðað við sama tímabil ársins 1990. Greiðslur til uppbóta á lífeyri hækkuðu um 117,5 milljónir króna en á móti lækkuðu greiðslur ríkisábyrgða og tjónabóta um 56,1 milljón króna.

Hækkun gjalda hjá samgönguráðuneyti nam 59,9 milljónum króna eða 3,1%. Rekstur Veðurstofu Íslands og Landmælinga Íslands var fluttur undir stjórn umhverfisráðuneytisins á árinu 1991 og nemur hækkun gjalda samgönguráðuneytis því 138,5 milljónum króna séu þær stofnanir frátaldar. Hækkun gjalda hjá samgönguráðuneyti skýrist aðallega af auknum framlögum til Vegagerðar ríkisins að fjárhæð 79,9 milljónum króna og til hafnarmála 53,5 milljónir króna.

Gjöld iðnaðarráðuneytis hækkuðu um 248,9 milljónir króna og nær tvöfölduðust á frá fyrsta ársþriðjungi 1990. Aukning gjalda skýrist meðal annars af yfirtöku lána Hita- og Rafveitu Siglufjarðar að fjárhæð 97,7 milljónir króna en auk þess hækkuðu framlög til ýmissa verkefna orkumála um 134,3 milljónir króna.

Gjöld Hagstofu Íslands hækkuðu um 17,0 milljónir króna og rúmlega tvöfölduðust frá fyrsta ársþriðjungi 1990. Kostnaður aðalskrifstofu hækkaði um 8,8 milljónir króna og skýrist hækkunin einkum af auknum kostnaði við tölvuvæðingu og -vinnslu svo og húsnæðiskostnaði vegna flutnings stofnunarinnar í stærra húsnæði. Gjöld umfram tekjur hjá þjóðskrá námu 3,8 milljónum króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1991 en tekjur umfram gjöld námu 4,5 milljónum króna á sama tímabili ársins 1990.

Gjöld umhverfisráðuneytis námu 139,3 milljónir króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1991 en sex stofnanir, sem áður tilheyrðu menntamála-, landbúnaðar-, félagsmála- og samgönguráðuneyti heyrá frá áramótum undir umhverfisráðuneytið. Árið 1990 námu útgjöld ráðuneytisins 3,2 milljónum króna.

Tekjur á fyrsta ársþriðjungi í samanburði við áætlun fjárlaga 1991 fyrir sama tímabil.

Áætlun fjármálaráðuneytisins gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs í lok apríl 1991 næmu 28,7 milljörðum króna eða 1,1 milljarði króna lægri fjárhæð en raun varð á. Helstu frávik frá áætlun ráðuneytisins eru eftirfarandi:

Í milljónum króna	Innheimt	Áætlun ráðun.	FRÁVIK	
			kr.	%
Eignarskattar	950	716	234	32,7
Tekjuskattar, nettó	4.822	4.950	-128	-2,6
Persónuskattar	11	78	-67	85,9
Beinir skattar	<u>5.783</u>	<u>5.744</u>	<u>39</u>	<u>0,7</u>
Aðflutningsgjöld	1.113	982	131	13,3
Gjöld af innflutningi	1.971	1.718	253	14,7
Tekjur af gjaldeyri	153	140	13	9,3
Skattar af framleiðslu	746	688	58	8,4
Virðisaukaskattur	12.045	11.867	178	1,5
Skattar af orku	28	28	0	-
Hagnaður Á.T.V.R.	1.651	1.650	1	-
Sérst. skattar af þjónustu	27	24	3	12,5
Aðrir skattar af þjónustu	168	134	34	25,4
Skattar af launagr.	2.575	2.490	85	3,4
Aðrir óbeinir skattar	<u>1.936</u>	<u>1.675</u>	<u>261</u>	<u>15,6</u>
Óbeinir skattar	<u>22.413</u>	<u>21.396</u>	<u>1.017</u>	<u>4,7</u>
Vaxtatekjur o.fl.	1.196	1.123	73	6,5
Arðgreiðslur	51	396	-345	-87,1
Fjármagnstekjur	<u>1.247</u>	<u>1.519</u>	<u>-272</u>	<u>-1,8</u>
Ýmsar tekjur	386	77	309	-
	<u>386</u>	<u>77</u>	<u>309</u>	<u>-</u>
Samtals tekjur	<u>29.829</u>	<u>28.736</u>	<u>1.093</u>	<u>3,8</u>

Almennur innflutningur er heldur meiri en gert var ráð fyrir. Því eru aðflutningsgjöld og önnur gjöld af innflutningi um 384 milljónum króna hærri en áætlanir fjármálaráðuneytisins gerðu ráð fyrir. Þar veða innflutningsgjöld af bifreiðum þyngst eða um 208 milljónum króna.

Aðrir óbeinir skattar eru 261 milljón króna hærri en áætlað var og skýrist það fyrst og fremst af hærri bifreiðagjöldum en þau eru um 209 milljónum króna hærri en áætlun ráðuneytisins gerði ráð fyrir.

Arðgreiðslur eru 345 milljónum króna lægri en gert var ráð fyrir. Annars vegar skýrist lækkunin af því að áætluð arðgreiðsla Íslenskra aðalverktaka á árinu 1991, samtals að fjárhæð 400 milljónir króna var öll greidd í

lok síðasta árs. Í áætlun fjárlaga fyrir árið 1991 var gert ráð fyrir að helmingur fjárhæðarinnar yrði greiddur á fyrsta ársþriðjungi ársins og hinn helmingurinn á síðari hluta ársins. Hins vegar hefur ekki borist greiðsla frá Pósti og síma en gert var ráð fyrir að hún næmi rúmum 180 milljónum króna.

Hækkun á liðnum „Ýmsar tekjur“ umfram áætlanir skýrist af sölu eigna að fjárhæð 316 milljónum króna.

Tekjur ríkissjóðs á fyrsta ársþriðjungi 1991 samanborið við tekjur á sama tímabili 1990

Innheimtar tekjur ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 námu alls 29,8 milljörðum króna samanborið við 27,4 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Hækkun milli ára er 2,4 milljarðar króna eða 8,7%. Helstu frávik eru:

Í milljónum króna	1991	1990	FRÁVIK	
			kr.	%
Tekju- og eignarskattar				
Einstaklinga	4.653	4.461	192	4,3
Félaga	<u>1.130</u>	<u>1.114</u>	<u>16</u>	<u>1,4</u>
Beinir skattar	<u>5.783</u>	<u>5.575</u>	<u>208</u>	<u>3,7</u>
Aðflutningsgjöld	1.113	176	18,7	
Gj. af innflutningi	1.971	355	22,0	
Sala erlends gjaldeyris	153	159	-6	-3,8
Skattar af framl. og innfl.	746	110	17,3	
Virðisaukaskattur	12.045	717	6,3	
Skattar af orku	28	25	3	12,0
Skattar af einkasöluvörum	1.651	150	10,0	
Sérstakur skattur af þjónustu	27	25	2	8,0
Aðrir skattar af vörubjónustu	168	134	34	25,4
Skattar af launagr.	2.575	2.411	164	6,8
Aðrir óbeinir skattar	<u>1.936</u>	<u>1.536</u>	<u>400</u>	<u>26,0</u>
Óbeinir skattar	<u>22.413</u>	<u>20.309</u>	<u>2.104</u>	<u>10,4</u>
Vaxtat. og aðrar láanat.	1.196	1.389	-193	-13,9
Arðgreiðslur	<u>51</u>	<u>120</u>	<u>-69</u>	<u>-57,5</u>
Fjármunatekjur	<u>1.247</u>	<u>1.509</u>	<u>-262</u>	<u>-17,4</u>
Sala eigna	316	0	316	-
Ýmsar tekjur	<u>70</u>	<u>52</u>	<u>18</u>	<u>34,6</u>
Aðrar tekjur	<u>386</u>	<u>52</u>	<u>334</u>	<u>-</u>
Tekjur samtals	<u>29.829</u>	<u>27.445</u>	<u>2.384</u>	<u>8,7</u>

Óinnheimtur virðisaukaskattur vegna greiðslufrests í tolli nam í lok apríl 1991 1.330 milljónum króna en sú fjárhæð er talin til tekna í

framangreindu yfirliti. Samsvarandi fjárhæð í lok apríl 1990 var 1.572 milljónir króna.

Gjöld af innflutningi hafa aukist um 355 milljónir króna á milli ára og má rekja þá aukningu alfarið til innflutningsgjalds af bifreiðum og bifhjólum en þau eru um 352 milljónum króna hærrí á fyrsta ársþriðjungi 1991 en þau voru á sama tímabili 1990.

Aðrir óbeinir skattar eru um 400 milljónum króna hærrí á fyrsta ársþriðjungi í ár en á sama tímabili í fyrra. Þar af má rekja um 330 milljónir króna til bifreiðagjalds en á árinu 1990 var fyrri gjalddaga þess seinkað um þrjú mánuði. Þá eru tekjur af stimpilgjaldi tæpum 70 milljónum króna hærrí á fyrsta ársþriðjungi ársins 1991 en á sama tímabili í fyrra.

Vaxtatekjur eru tæpum 200 milljónum króna lægri fyrstu fjóra mánuði þessa árs en þau voru á sama tímabili í fyrra. Þessa lækkun má að mestu leyti rekja til þess að vextir hafa verið lægri í ár en í fyrra.

Sala eigna frá áramótum til aprílloka í ár nam 316 milljónum króna en á sama tímabili í fyrra var engin sala bókfærð. Stærstur hluti sölunnar, 300 milljónir króna, má rekja til makaskipta á nokkrum eignum ríkissjóðs vegna kaupa á fasteign Sláturfélags Suðurlands í Laugarnesi.

Að raungildi eru tekjur ríkissjóðs um 890 milljónum króna hærrí á fyrsta ársþriðjungi í ár en þær voru á sama tíma í fyrra og svarar það til 3,1% hækkunar. Óbeinir skattar hafa aukist um 1.029 milljónir króna en beinir skattar á hafa á hinn bóginn dregist saman um 110 milljónir króna. Fjármagnstekjur hafa dregist saman um 360 milljónir króna en aðrar tekjur hafa aukist um 331 milljón króna og er þar meðtalin sala eigna.

Í milljónum króna	1991	1990 á verðl.'91	kr.	%
Beinir skattar	5.783	5.839	-110	-1,9
Óbeinir skattar	22.413	21.384	1.029	4,8
Fjármagnstekjur	1.247	1.607	-360	-22,4
Aðrar tekjur	<u>386</u>	<u>55</u>	<u>331</u>	<u>-</u>
	<u>29.829</u>	<u>28.939</u>	<u>890</u>	<u>3,1</u>

FRÁVIK

Lána- og viðskiptareikningur janúar - apríl 1991.

Lánareikningar nettó sýna útgreiðslur umfram inngreiðslur til loka aprílmánaðar 1991 að fjárhæð 3,7 milljarðar króna sem er 881 milljón króna hærri útgreiðslur en áætlanir innan ársins gerðu ráð fyrir.

Lánareikningur 1. janúar til 30. apríl 1991.

Í milljónum króna	Reikn.'91	Fjárlög'91	Frávik	Reikn.'90	Frávik
Lántökur:					
Til lengri tíma	3.389	3.300	89	2.335	1.054
Ríkisvixlar	-	-	-	3.817	<3.817>
Lántökur innanlands alls	3.389	3.300	89	6.152	<2.763>
Erlendar lántökur	286	-	286	450	<164>
Lántökur samtals	3.675	3.300	375	6.602	<2.927>
Afborganir lána:					
Innlendar	<2.200>	<2.635>	435	<1.675>	<525>
Ríkisvixlar	<2.626>	<960>	<1.666>	-	<2.626>
Erlendar	-	<155>	155	<500>	500
Afborganir samtals	<4.826>	<3.750>	<1.076>	<2.175>	<2.651>
Lántökur umfram afborg.	<1.151>	<450>	<701>	4.427	<5.578>
Veitt lán/innheimta:					
Veitt lán	<1.743>	<1.600>	<143>	<2.386>	643
Innh. veittra lána	1.040	900	140	998	42
Nettó veitt lán	<703>	<700>	<3>	<1.388>	685
Viðskiptar./hlutafjárframl.	<1.534>	<1.357>	<177>	<2.669>	1.135
Seðlabanki Íslands	<327>	<327>	-	<455>	128
Samtals útgreiðslur	<1.861>	<1.684>	<177>	<3.124>	1.263
Aðrir lána og viðsk.reikn.	<2.564>	<2.384>	<180>	<4.512>	1.948
Lánareikn., nettó	<3.715>	<2.834>	<881>	<85>	<3.630>

Lántökur á framangreindu tímabili námu tæpum 3,7 milljörðum króna, sem er 375 milljónum króna hærri fjárhæð, en áætlanir gerðu ráð fyrir. Afborganir lána, þ.m.t. nettó staða ríkisvixla, nema 4,8 milljörðum króna sem er 1,1 milljarði króna hærri afborgun, en áætlanir gerðu ráð fyrir. Veitt lán að frádregnum afborgunum af þeim nema um 700 milljónum króna, sem er nánast sama fjárhæð og áætlanir gerðu ráð fyrir. Viðskiptareikningar og

hlutafjárframlög sýna útgreiðslur umfram inngreiðslur að fjárhæð 1,5 milljarðar króna, sem er 177 milljónum króna hærrí fjárhæð, en áformað var. Þá var Seðlabanka Íslands greitt skammtímalán að fjárhæð 327 milljónir króna. Að öllu þessu samanlögðu urðu útgreiðslur af lánareikningum samtals 7,4 milljarðar króna á fyrsta ársþriðjungi ársins 1991.

Útgreiðslur af lánareikningum á fyrsta ársþriðjungi ársins 1991 voru 3,6 milljörðum króna hærrí en þær voru á sama tímabili á árinu 1990. Lántökur á þessu tímabili urðu 2,9 milljörðum króna lægri en á sama tímabili í fyrra. Þar munar mest um að sala ríkisvixla umfram innlausn þeirra á árinu 1990 nam 3,8 milljörðum króna en í ár var aftur á móti innlausn ríkisvixla umfram sölu 2,6 milljarðar króna. Hins vegar voru aðrar innlendar lántökur 1,0 milljarði króna hærrí fyrstu fjóra mánuði ársins í ár en á sama tímabili í fyrra. Afborganir lána urðu 2,6 milljörðum króna hærrí á fyrsta ársþriðjungi ársins í ár en á sama tímabili í fyrra. Mismunurinn stafar af innlausn ríkisvixla umfram sölu þeirra. Veitt lán að frádreginni innheimtu þeirra sýnir 685 milljóna króna minni útgreiðslur í ár en raun varð á sama tímabili 1990. Viðskiptareikningar, hlutafjárframlög og greiðslur lána til Seðlabanka Íslands sýna 1,3 milljörðum króna minna útstreymi í ár en í fyrra. Helstu frávik eru vegna uppgjörðs Íslandsbanka á kaupum á Útvegsbanka Íslands hf., greiðslufresti á virðisaukaskatti í tolli og vegna Húsnaðisstofnunar ríkisins. Þannig námu heildarútgreiðslur lánareikninga á árinu 1990 6,7 milljörðum króna.

Um mat Ríkisendurskoðunar á afkomuhorfum A-hluta ríkissjóðs í árslok 1991.

Í lok apríl sl. tók stofnunin saman greinargerð um afkomu A-hluta ríkissjóðs á fyrsta ársfjórðungi 1991 svo og afkomuhorfur í árslok. Greinargerðin var samin að beiðni formanns Sjálfstæðisflokksins, sem þá hafði umboð til stjórnarmyndunar. Að því gefnu að ekki yrði gripið til neinna ráðstafana taldi Ríkisendurskoðun í nefndri greinargerð að rekstrarhalli ríkissjóðs á árinu yrði um 12,2 milljarðar króna svo og að verg lánsfjárbörf yrði um 22,3 milljarðar króna. Í skýrslu fjármálaráðuneytisins um ríkisfjármálin árið 1991, sem lögð var fram á Alþingi 22. maí sl. telur það hins vegar að rekstrarhallinn verði um 9,1 milljarður króna og verg lánsfjárbörf 21,0 milljarður króna, ef ekki verði gripið til sérstakrar ráðstafana.

Það eru einkum tvö atriði sem skýra þann mun sem er á áætlun fjármálaráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar. Annars vegar mat á kostnaði vegna ákvæða í búvörusamningi og hins vegar uppgjör á skuld Byggingasjóðs ríkisins við ríkissjóð. Þau sjónarmið, sem lágu til grundvallar mati Ríkisendurskoðunar við gerð fyrrnefndrar áætlunar varðandi búvörusamninginn voru einkum þessi:

Með samningi um kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti á tímabilinu 1. maí 1991 til 31. ágúst 1991, sem þáverandi landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra undirrituðu 11. mars 1991, segir að ríkissjóður skuldbindi sig til kaupa á fullvirðisrétti, sem svarar til allt að 3700 tonnum af kindakjöti. Vegna samningsins var í 38. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1991 kveðið á um heimild til handa fjármálaráðherra til þess að gefa út skuldabréf að fjárhæð allt að 1,7 milljarðar króna. Til nánari skýringar í þessu sambandi nægir að vitna til fréttatilkynningar frá landbúnaðarráðuneytinu þann 15. maí 1991 en þar segir m.a.:

„Landbúnaðarráðuneytið hefur að undanfögnu unnið að framkvæmd á viðauka I með búvörusamningi, sem undirritaður var þann 11. mars 1991. Samkvæmt samningnum býðst ríkissjóður fram til 31. ágúst 1991, til að kaupa af sauðfjárframleiðendum fullvirðisrétt allt að 3.700 tonnum og 55.000 ám, allt eftir því sem framleiðendur óska. Markmiðið er að framleiðsla haustsins 1992 verði í samræmi við þarfir innanlandsmarkaðar. Ef á vantar að markmiðið náist fyrir 1. september 1991 verður fullvirðisréttur færður niður í samræmi við 2. tl. í viðauka I með samningnum.

Með hliðsjón af ákvæðum viðauka I með samningnum og lánsfjárlaga fyrir árið 1991 hefur verið ákveðið að viðauki I komi óbreyttur til framkvæmda og hefur landbúnaðarráðherra staðfest tillögur Framkvæmdanefndar búvörusamninga um starfsreglur um kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti í sauðfjárframleiðslu. Í reglum þessum er gert ráð fyrir því að bændur sem hug hafa á að selja ríkissjóði

fullvirðisrétt og bústofn snúi sér til viðkomandi búnaðarsambands og fái þar sérstakt umsóknareyðublað til kaupsamninga og skuldabréfa í samráði við fjármálaráðuneytið. Á næstu dögum verða send út gögn til búnaðarsambanda og geta bændur snúið sér til skrifstofa þeirra og fengið allar upplýsingar og leiðbeiningar sem þeir óska."

Ríkisendurskoðun bendir á að gildandi lög um ríkisbókhald kveða skýrt á um það að við gerð yfirlita um fjármagnshreyfingar skuli m.a. greina sérstaklega öll tekin lán. Ef það er látið ógert gefur sú mynd sem upp er dregin ekki réttar upplýsingar um raunverulega skuldastöðu ríkissjóðs. Þá er rétt að benda á þá grunnreglu sem kemur fram í 30. gr. laga um ríkisbókhald, en samkvæmt henni ber að bóka fjárhagslegar skuldbindingar þegar undir þær er gengist.

Að því er skuld Byggingasjóðs ríkisins varðar er þess að geta að ráðuneytið taldi að sjóðurinn gæti endurgreitt 1,0 milljarð króna, sem hann skuldar ríkissjóði og því taldi það skuldina ekki sem framlag á rekstrarreikningi. Ríkisendurskoðun taldi á hinn bóginn að Byggingasjóður ríkisins gæti ekki staðið við umsamdar skuldbindingar, sem á honum hvíla að óbreyttum útlánsvöxtum og því þyrfti ríkissjóður að koma sjóðnum til aðstoðar með beinum framlögum á fjárlögum á næstu árum. Af þessum sökum taldi stofnunin eðlilegt að gjaldfæra skuldina enda er Byggingasjóður ríkisins í eigu og á ábyrgð ríkissjóðs. Áætlanir Húsnæðisstofnunar ríkisins sýndu að stofnunin taldi sig ekki geta endurgreitt lán þetta á árinu 1991. Skuld þessi myndaðist á síðastliðnu ári og var í formi skammtímalántöku hjá Seðlabanka Íslands, sem ríkissjóður greiddi í ár.

Frá því að þetta mat var unnið hafa stjórnvöld ákveðið að hækka vexti á útlánum Byggingasjóðs ríkisins. Vaxtahækkunin bætir stöðu sjóðsins þannig að líklegt sé að eigið fé mun duga fyrir þeim skuldbindingum sem á honum hvíla og því þurfi ekki að koma til ríkisframlög. Hins vegar er ljóst að Byggingarsjóður ríkisins þarf á nýju fjármagni að halda á næstu árum til þess að standa undir afborgunum af þeim lánum sem hann hefur tekið, þar sem þau eru að jafnaði til skemmri tíma en útlán hans.